

Mánudaginn 2. aprilmán.

Nr 11/1882

Rjettvísinn

gegn

Jóhanni Guðmundssyni

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað af hálfu rjettvísinnar gegn Jóhanni bónda Guðmundssyni á Höfða á Höfðaströnd fyrir að hafa haldið og hýst sumarið og haustið 1881 sakamann, Markús nokkurn Ívarsson úr Eyjafjarðarsýslu, er veitt var eptirför af hálfu hins opinbera fyrir framinn sauðapjófnað, og með dómi, kveðnum upp fyrir aukarjetti Skagafjarðarsýslu 25. janúar f. á., er hinn ákærði dæmdur samkvæmt 111. gr. hegningarlaganna í 60 kr. sekt til landssjóðs eða 15 daga fangelsi ef hann ekki borgar sektina í ákveðinn tíma, sem og til að greiða allan löglegan kostnað af málinu, en þeim dómi er eptir ósk hins ákærða áfrýjað til yfirdómsins.

Undir rannsókn máls þess og í prófum, sem seinna hafa verið haldin eptir tilhlutun yfirdómsins er það sannað, að áður nefndur Markús Ívarsson hafi komið á heimili hins ákærða um miðjan júnímánuð 1881, hafi hann þá nefnst Jón Ívarson, og, eptir því sem hinn ákærði hefur borið fram, sagzt vera úr Eyjafjarðarsýslu, og ekki eiga meir en svo friðland í sveit sinni fyrir skuldheimtumönnum; hafi Markús þessi síðan falað kaupavinnu að hinum ákærða, og hinn ákærði tekið hann fyrir kaupamann yfir sumarið. Um sama leyti sem Markús rjeddzt að Höfða barst sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu brjef frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu um að handtaka

Markús, ef hann kæmi fram í Skagafirði, þar hann væri uppvís að sauðarþjófnæði, og er sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu var orðinn þess vísari, að Markús mundi niður kominn á Höfða, tók hann sjerferð á hendur þangað, kom þar 25. ágúst um sumarið og spurði eptir Markúsi; sagði hinn ákærði þá sýslumanni allt hið sanna um veru Markúsar þar, og ætlaði sýslumaður að hafa Markús á burt með sjer, en Markús lá þá uppi rúmi og kvaðst vera fárveikur; var sýslmaður þá á Höfða nm nóttina, en þá sömu nótt hvarf Markús burt af bænum, og fór sýslumaður aptur við svo búid. Á þriðja degi eptir burtför sýslumanns kom Markús aptur að Höfða og gekk þar að vinnu sem áður, hafði hann þá látið fyrirberast úti Þórðarhöfða þessa 2 daga og fengið mat sendan þangað frá konu hins ákærða, en hinn ákærði var þá ekki sjálfur heima. — Þegar sýslumaður seinna hafði frjett, að Markús væri enn á Höfða, fór hann þangað aptur, handsamaði Markús 29. septbr. og sendi hann norður í Eyjafjarðarsýslu, var Markús þá settur þar í varðhald, en komst burt úr varðhaldinu og vestur í Skagafjarðarsýslu og gisti þar á nokkrum bæjum, þar á meðal 2 nætur milli 16. og 18. október á Höfða hjá hinum ákærða, er þá gaf Markúsi nýjan nærfatnað.

Undirdómarinn hefur álitid, að hinn ákærði með þessum afskiptum sínum af Markúsi Ívarssyni hafi orðið brotlegur gegn 111. gr. hegningarlaganna, er leggur refsing við að fela mann, sem hlutaðeigandi veit að er strokinn fangi, eða að honum er veitt eptirför af hálfu hins opinbera fyrir glæpi eða

hjálpa honum til að flýja, en yfirdómurinn fær ekki sjeð, að hinn ákærði sje sannur að broti því, sem nefnd lagagrein ræðir um. Það er þannig ekki sannað gegn neitun hins ákærða, að hann, þegar hann fyrst tók Markús fyrir kaupamann, hafi vitað, að honum var veitt eptirför af hálfu hins opinbera fyrir glæp, nje að hann hafi fengið neina vitneskju um það, fyr en sýslumaður kom a heimili hans 25. ágúst. Ekki er heldur neitt fram komið, er veki grun um, að hinn ákærði hafi hjálpað Markúsi að komast undan í það sinni, nje heldur um, að það hafi verið með hans vitund, að Markúsi var færður matur í fylgsni hans með því að hinn ákærði þá var fjærverandi frá heimili sínu. Að visu tók hinn ákærði við Markúsi aptur eptir að hann var búinn að fá vitneskju um, að Markúsi væri veitt eptirför af hálfu hins opinbera, og hjelt hann heilán mánuð þangaðtil sýslumaður loks handsamaði hann, en hinn ákærði lagði enga launung á veru Markúsar hjá sjer, heldur ljet hann ganga að allri vinnu með heimilisfólki sínu, og gjörði þannig ekkert til að fela hann eða hjálpa honum að komast undan. Að því er loks snertir dvöl Markúsar hjá hinum ákærða í októbermánuði sama haust, þá hefur hinn ákærði neitað því, að sjer hafi verið kunnugt um, að Markús þá hafði strokið úr varðhaldi í Eyjafjarðarsýslu, því Markús hafði borið fyrir, að sýslumaðurinn þar í sýslu hafi haldið próf yfir sjer, ekki fundið neina sök hjá sjer og síðan látið sig lausan, enda er ekkert fram komið um, að hinn ákærði þá hafi gjört neitt til að fela Markús eða koma honum undan.

Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, fær yfirdómurinn ekki sjeð, að hinum ákærða verði gefin sök á afskiptum sínum af opt nefndum Markúsi Ívarssyni, svo að það geti varðað hann hegningu, og ber því að dæma hann sýknan af kærum sóknarans í þessu máli, þó þannig, að hann eptir atvikum greiði allan af málinu löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal laun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, er ákveðast 12 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Jóhann Guðmundsson, á að vera sýkn af ákærum sóknarans í þessu máli, þó þannig, að hann greiði allan kostnað af því þar á meðal málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málafutningsmannanna Þorsteins Jónssonar og Páls Melsteðs, 12 kr. til hvors.

Ídæmdur málskostnaður lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 7/1883

Hið opinbera
gegn
Snorra Pálssyni
og Jóhanni Jónssyni.